

Golfklúbba tilboð í vikuferðir til Costa Navarino, Grikklandi í apríl 2020

Tilboð: 247.900 kr. Auk 40.000 vildarpunkturar (Verð án vildarpunkta: 269.900 kr)

- Flug með Icelandair með tösku og golftösku KEF-ARN/ARN-KEF
- Beint leiguflug með Aegean Airlines með tösku og golftösku. ARN-KLX-ARN
- Akstur til/frá flugvelli .
- Gisting á glæsilegu 5* hóteli með morgunverði í 7 nætur og 5 kvöldverðum
- 6 golfhringir með golfbíl
- Íslensk fararstjórn.

Verð mv. 2 í herbergi m. garðútsýni
Bókunarkóði: KLUBBUR



Fimm stjörnu lúxus gisting

Gist er á Westin Resort Costa Navarino sem er fimm stjörnu hótél af bestu gerð. Öll herbergin eru glæsilega innrétuð í gömlum Messinian Mansions stíl í fullkomnu samræmi við uppruna og óspillt umhverfið. Herbergin eru skreytt með nútíma húsgögn, ljósum við og máluð í litum innblásnum af sjó og sandi. Hér geta gestir notið þess besta í mat og drykk jafnt innan sem utan dyra.

Heilsulind hótelsins býður upp á framúrskarandi úrval hefðbundna grískra olíumeðferða sem byggðar eru á fornum venjum og nýta eingöngu náttúruleg efni frá svæðinu. Sérkenni heilsulindarinnar eru sérsniðnar meðferðir byggðar á kenningum Hippókratesar föður vetrænnar læknisfræði.

Glæsileg líkamsræktar aðstaða er innifalin fyrir alla gesti hótelsins. Þar má finna fullkominn tækjasal, leikfímissal þar sem reglulegir tímar eru allan daginn eins og golf jóga, jóga, pílates, brennslutímar ofl. Þarna er stór upphituð innilaug, heitur nuddpottur, sauna og gufa. Fullkominn staður til að enda góðan golfdag.

Á Costa Navarino er stór strönd sem tilheyrir hótelinu. Þar er einnig veitingastaður og frábær aðstaða fyrir strandlíf.

Herbergin

Hægt er að velja um nokkrar tegundir af herbergjum:

- Svíta með Garðútsýni – sjálfvalið
- Svíta með sjávarútsýni
- Junior svíta með einkasundlaug
- Fjölskyldusvíta
- Fjölskyldusvíta með einkasundlaug
- Einstaklingsherbergi

Hægt er að sjá allar tegundir herbergja á www.costanavarino.com

Athugið að hótelið rukkar 4€ næturskatt á hverja nótt sem greiðist af farþegum þegar gert er upp herbergisreikningur í lok ferðar

Aðstaða á hótelinu:

- Öll standard herbergi eru yfir 32 fm að stærð.
- Frítt internet er á öllum herbergjum.
- Á hótelinu eru margir veitingastaðir, barir og ýmsar verslanir.
- Á svæðinu er apótek og hraðbanki við stóra torgið, en þar eru nokkrir veitingastaðir ástamt stóru breiðtjaldi.
- Nokkrar sundlaugar eru á svæðinu þar sem gott að er að njóta sólar og friðar eftir góðan golfdag. Ein laug er upphituð og er hún beint á móti Morias veitingastaðnum þar sem morgunverðarhlaðborðið er, hinar eru nær SPA-inu og fá allir frítt handklæði við hverja þeirra. Stutt er á ströndina, u.þ.b. 5 mínútna gangur, þar sem gestum býðst frítt handklæði og bekkir, en þar er einnig bar og veitingarstaður.
- Á hótelinu er glæsileg líkamsræktaraðstaða sem er innifalin fyrir alla gesti hótelsins. Þar má finna fullkominn tækjasal og leikfimissal þar sem reglulegir tímar eru allan daginn eins og golf jóga, jóga, pílates, brennslutímar ofl. Einnig er þarna stór upphituð innilaug, heitur nuddpottur, sauna og gufa.
- Á hótelinu er HERTZ bílaleiga og tilvalið fyrir þá sem vilja kíkja til Olympia, Mezzina eða á aðra forna og merka staði. Flest allir þessir fornstaðir eru um klukkustundar fjarlægð frá Costa Navarino.

Sjá nánar um staðinn á www.icegolf.is